

Mál nr. 50/2004

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar baðstaðar.

**Ágreiningur um réttarstöðu vegna slyss sem M varð fyrir
er hún hrasaði þann 30.06. 2002.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.03. 2004, ásamt fylgiskjöllum 1 – 12.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.04. 2004, ásamt fylgiskjöllum.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 182/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi, “m.a. þar sem fyrirbyggjandi aðgerðum vegna hálkumyndunar var verulega ábótavant, engin aðvörunarskilti voru á þeim stað er hún slasaðist, svo og hefur yfirborðsefni á tréplönkum verið breytt eftir slysið sem bendir til þess að” baðstaðurinn hafi metið fyrra yfirborðsefni hættulegt.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að baðgestum geti “varla dulist að varlega verður að fara”. Gestir verði að gæta sín. Það telur að vátryggingartaki hafi viðhaft “tiltækar ráðstafanir til að auka öryggi á svæðinu eins og unnt er...” M.a. sé ljóst að samráð er haft við heilbrigðiseftirlitið um val á yfirborðsefnum í samræmi við þá reynslu sem skapast hefur.

Í bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 01.03. 2004, lætur félagið þess m.a. getið að M hafi ekki “tilkynnt um óhappið fyrr en með símtali til starfsmanns vátryggingartaka tæpum 2 mánuðum síðar og liggur því ekkert fyrir sem staðfestir frásögn tjónþola um að atburðurinn hafi átt sér stað, á hvaða stað og með hvaða hætti...” Félagið lætur þess og getið að M muni margoft hafa komið í líonið áður og því þekkt til aðstæðna og “farið varlega vegna hálku...”

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaábyrgð ekki fyrir hendi vegna þeirra meiðsla sem M hlaut er hún rann til í hálku og/eða bleytu á trégöngustíg sem liggur úr lóninu í átt að gufubaði þar skammt frá. Ekki verður ráðið að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka, ófullnægjandi merkinga eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Þá kröfu verður að gera til gesta á sundstöðum og baðstöðum að þeir fari varlega því alkunna er að hálka getur myndast vegna bleytu sem gjarnan er.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. apríl 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.